



Maí 2023

# FRAMTÍÐARSÝN LANDVÖRSLU

Unnið af Landvarðafélagi Íslands



Landvarðafélag Íslands  
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík  
landverdir@landverdir.is  
Maí 2023  
Myndir: Benedikt Traustason

Tileinkað landvörðum um land allt

# EFNISYFIRLIT

|                                                          |    |
|----------------------------------------------------------|----|
| Í hnotskurn                                              | 4  |
| Inngangur                                                | 6  |
| Hlutverk landvarða: Hvert á það að vera?                 | 8  |
| Hvernig menntum við góða landverði?                      | 10 |
| Ímynd og orðspor landvarða: Hvernig viljum við hafa það? | 13 |
| Hvað gerir vinnustað góðan fyrir landverði?              | 15 |
| Áskoranir og tækifæri innan landvörslu                   | 18 |
| Lokaorð                                                  | 20 |





# Í HNOTSKURN

## HLUTVERK

*Kjarnahlutverk landvarða er að vernda landið. Helsta verkfæri þeirra til að sinna því hlutverki er fræðsla, miðlun og náttúrutúlkun. Forgangsraða þarf þeim verkefnum á starfsstöðvum landvarða og fela öðrum verkefni sem samræmast illa kjarnahlutverki þeirra.*

## MENNTUN

Réttindanám landvarða þarf að vera aðgengilegt fjölbreyttum hópi en á sama tíma þarf að finna leiðir til að auka sérhæfingu þeirra og auka möguleika til endurmenntunar. Gera þarf endurbætur á núverandi réttindanámskeiði og samræma við önnur. Gera þarf stutt námskeið fyrir hverja starfsstöð landvarða.

## ÍMYND OG ORÐSPOR

Í stuttu máli má segja að *góður landvörður sé hlýr en skýr*. Lengi hefur verið rætt um ímynd landvarða en kominn er tími til þess að kortleggja hver hún er í raun á meðal almennings. Þá þarf að efla þekkingu almennings á störfum landvarða m.a. með auknum sýnileika í fjölmiðlum og efla samstarf landvarða við ferðaþjónustu og útivistarsamtök.

## GÓÐIR VINNUSTAÐIR

Góð samskipti eru grunnurinn að góðum vinnustað. Þá skipta starfsandi og liðsheild öllu máli því *ef mórallinn á vinnustaðnum er ekki í lagi þá er í raun ekkert í lagi*. Þar eiga yfirmenn að vera leiðtogar og fyrirmyndir.

Landverðir sinna hættulegum störfum og leggja þarf áherslu á aðgerðir sem tryggja öryggi landvarða eftir fremsta megni m.a. með aðgengi að tryggum fjarskiptum. Loks þarf að draga skýr mörk á milli vinnustaðar og heimilis þar sem landverðir búa á starfsstöðvum sínum.

## ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI INNAN LANDVÖRSLU

Í grunninn má segja að stærsta áskorun landvörslu í dag snúist að möguleikanum á að gera hana að framtíðarstarfi. Þar þarf að tryggja fjármögnun, auka starfsöryggi, möguleika á starfsþróun, sérhæfingu, bæta launaumhverfi og auka möguleika á að setjast að í nágrenni við starfsstöðvar.

# INNGANGUR

Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi landvarða undanfarin ár. Má rekja þær breytingar m.a. til fjölgunar stöðugilda landvarða, friðlýstra svæða og gesta sem sækja svæðin heim. Að auki eru fyrirhugaðar breytingar á skipulagi stofnana sem annast landvörslu. Á þeim tímamótum er vert að staldra við, velta upp faglegu hlutverki landvörslu, hvert við stefnum og hvernig við eflum hana til framtíðar.

Í þessari skýrslu eru niðurstöður frá vinnu Landvarðafélags Íslands um framtíðarsýn landvörslu kynntar. Vinnan byggir á málþingi sem var haldið þann 4. mars 2023 í Veröld - húsi Vigdísar ásamt könnun sem lögð var fyrir félaga Landvarðafélagsins. Málþingið samanstóð af framsögu erindum og umræðuborðum. Um 50 manns tóku þátt í málþinginu í Veröld og yfir 30 manns fylgdust með erindunum í streymi, sem er aðgengileg á heimasíðu Landvarðafélagsins.

Markmiðið með málþinginu var að varpa ljósi á stöðu landvörslu í síbreytilegu umhverfi og að fá landverði og aðra sem tengjast málefnum landvörslu til að ræða um helstu áskoranir og tækifæri er varða framtíð hennar. Auk þess er málþingið mikilvægur liður í stefnu félagsins, sem er m.a. að: stuðla að vaxandi fagmennsku í greininni, skapa vettvang sem sameinar landverði og kynna mikilvægi landvarða á sviði náttúruverndar og starf þeirra út á við.

Við undirbúning málþingsins lagði stjórn könnun fyrir félaga Landvarðafélagsins þar sem spurt var út í áskoranir og tækifæri í landvörslu. Þá leitaði stjórn ráðgjafar frá fyrirtækinu Alta til að móta skýr markmið og væntingar til þingsins.



Einnig fundaði stjórn með Steinari Kaldal, sérfræðingi frá Umhverfis-, orku, og loftslagsráðuneytinu til að ræða áherslur fyrir umræðuborðin. Ákveðið var að á hverju umræðuborði yrði ein lykilspurning borin fram sem miðuð væri að mismunandi áherslum þingsins. Umræðuborðin voru fjögur og lykilspurningar eftirfarandi:

- Hvernig menntum við góða landverði?
- Hvert á hlutverk landvarða að vera?
- Orðspor og ímynd landvarða: Hvernig viljum við hafa það?
- Hvað gerir vinnustað góðan fyrir landverði?

Fyrirlesarar voru fimm talsins. Sigrún Helgadóttir fjallaði um upphaf landvörslu í Jökulsárgljúfrum. Urs Reif frá Evrópusamtökum landvarða fjallaði um fjölbreytni starfa landvarða í Evrópu. Stefanía Ragnarsdóttir hjá Vatnajökulspjóðgarði fjallaði um fræðslu og ólíkar gerðir landvarða. Hákon Ásgeirsson og Kristín Ósk Jónasdóttir frá Umhverfisstofnun fjölluðu um landvörslu á ólíkum verndarsvæðum. Einar Á. E. Sæmundssen frá Þjóðgarðinum á Þingvöllum fjallaði um landvörslu á fjöldaferðamannastöðum með áherslu á Þingvelli. Fundarstjóri var Katrín Oddsdóttir.

Heiðursgestur málþingsins var Vigdís Finnbogadóttir. Náttúruverndar og umhverfismál hafa ávallt verið henni hugleikin og því var mikill heiður að hún skyldi sitja málþingið og taka þátt í umræðum. Svar Vigdísar við spurningunni hvert hlutverk landvarða væri var einfalt:

**„Hlutverk landvarða er að varðveita landið, því íslenska þjóðin á sér samastað í landinu.“**



# 1. HLUTVERK LANDVARÐA - HVERT Á ÞAÐ AÐ VERA?

*Hlutverk landvarða er að standa vörð um landið. Landverðir eru bæði málsvarar og verndarar náttúrunnar þegar á reynir og eiga að tryggja að reglum sem settar hafa verið um umgengni landsins sé fylgt. Hlutverk landvarða er því nokkuð skýrt en leiðirnar við að uppfylla hlutverkið er það sem skiptir meginmáli. Kjarni starfsins er að vernda landið en ekki veita þjónustu, þó hún geti verið nauðsynleg til þess að ná kjarnamarkmiðinu um vernd náttúrunnar. Í umræðum voru fjögur meginhlutverk landvarða skilgreind sem styðja við þá vernd.*

## 1.1 Mikilvægast: fræðsla og miðlun

Í heimi þar sem fólk fjarlægist náttúruna stöðugt eru landverðir í lykilstöðu við að opna augu fólks fyrir undrum hennar. Hlutverk landvarða er að skilja eftir hugmyndina um landvörslu sama hvert gestir fara og þeirra ferðalög leiða. Landverðir eru staðkunnugir á starfsstöðvum sínum og geta notað þá sérþekkingu og aukið upplifun gesta með fræðslu, miðlun og náttúrutúlkun. Landverðir reyna þannig að fá gesti til að vernda landið með því að mynda tengingar við það.

*Fræðsla er lykilþáttur í öllum verkefnum landvarða þar sem hún er lang áhrifamesta verkfærið sem þeir eiga í sinni verkfærakistu. Landverðir þurfa að vera til staðar, vera sýnilegir og aðgengilegir fyrir gesti. Þeir eiga að hafa tíma og rými til þess að gefa gestum sínum tíma til þess að veita gestum sínum fræðslu og kveikja hjá þeim áhuga. Það er afstaða landvarða að þennan þátt starfsins þurfi víða að efla þar sem önnur verkefni verða gjarnan ofan á.*

**„Þú verndar aðeins það sem þú elskar, þú elskar aðeins það sem þú þekkir, þú þekkir aðeins það sem þér er kennt.“**



## 1.2 Viðhald Innviða

Til þess að náttúruverndarsvæði geti borið þá umferð sem um þau kemur verða innviðir svæðanna að vera í lagi. Það er hlutverk landvarða að fylgjast með innviðunum og viðhalda þeim eins og kostur er. Það er síðan hlutverk stjórnvalda og stofnana sem reka náttúruverndarsvæði að tryggja nægt fjármagn fyrir endurnýjun þeirra og uppbyggingu. Í dag fer því miður of stór hluti af starfi landvarða í verkefni sem væru betur falin öðrum. Það á t.d. við um salernispríf á fjöldaferðamannastöðum, innheimta tjaldsvæðagjalda o.fl.

## 1.3 Eftirlit og vöktun náttúrunnar

Landverðir eiga að fylgjast með að lögum og reglum á sínum svæðum sé fylgt. Á sama tíma eiga þeir að vakta fyrirbæri náttúrunnar m.a. í samstarfi við vísindafólk og miðla athugunum sínum. Til þess þurfa þeir viðeigandi þjálfun og menntun, og verða að búa yfir forvitni um sín svæði. Víða eru tækifæri til að efla þennan hluta starfsins.

## 1.4 Mikilvægur hluti af fyrsta viðbragði

Loks hefur það sýnt sig að *landverðir eru mikilvægur hluti af öryggi á friðlýstum svæðum þar sem langt er í bjargir*. Landverðir ættu að vera hluti af fyrsta viðbragði þar sem staðkunnátta þeirra er nýtt t.a.m. þegar náttúruhamfarir eða slys verða. Þeir vita gjarnan um ferðir fólks og hafa staðkunnáttu af svæðum sem ætti að nýta til að auðvelda aðgerðir. Til þess verða þeir þó að hljóta viðeigandi þjálfun. Aftur á móti eiga landverðir ekki að stíga inn í hlutverk annarra t.a.m. sjúkraflutningafólks eða björgunarsveita. Á þessu sviði eru tækifæri fyrir bættu samræmingu og samstarf við aðra viðbragðsaðila.

### KJARNAHLUTVERK

- Forgangsraða þarf fræðsluhlutverki landvarða á starfstöðvum þannig að þeir geti sinnt því sem skyldi.
- Fela þarf öðrum verkefni sem samræmast illa kjarnahlutverki landvarða s.s. salernisprífum á fjöldaferðamannastöðum eða umsjá tjaldsvæða.
- Efla ætti hlutverk landvarða við vöktun náttúrufyrirbæra.
- Auka þarf samstarf og samræmingu við aðra viðbragðsaðila þegar kemur að öryggismálum.

## 2. HVERNIG MENNTUM VIÐ GÓÐA LANDVERÐI?

### 2.1 Núverandi fyrirkomulag

Staðan nú er sú að hægt er að öðlast landvarðaréttindi á fimm mismunandi stöðum (að loknu u.þ.b. 120 klst námskeiði). Umhverfisstofnun hefur umsjón með náminu og námskrá þess en þar sem það er á margra höndum hefur borið á einhverju ósamræmi milli námsleiða. Það var mat þátttakenda að núverandi námskeið veiti menntun á breiddina en ekki dýptina og að í raun væri gert ráð fyrir að fólk hefði þekkingu og reynslu úr fyrra námi og störfum.

### 2.2 Endurbætur á grunnnámi

Nokkrar endurbætur þarf að gera á núverandi réttindanámi til landvörslu.

- Endurskoða þarf hvernig valið er inn á landvarðanámskeið Umhverfisstofnunar. Núverandi aðferðafræði er útilokandi t.a.m. fyrir þau sem eru með lesörðugleika eða eiga erfitt með tækni.
- Auka þarf verklega kennslu t.a.m. í stígagerð.
- Taka þarf upp samræmt námsmat með verkefnaskilum á milli námsleiða.
- Auka þarf þjálfun í fyrstu hjálp og viðbrögðum við náttúruvá.



## 2.3 Skólastig

Ekki hefur verið samhljómur um hvort landvarðanám ætti að vera á framhaldsskóla- eða háskólastigi. Hins vegar eru landverðir sammála því að námið þurfi að vera bæði bóklegt og verklegt; starfsmenntanám. Mögulega ætti grunnur þess að vera á framhaldsskólastigi en framhaldsmenntun innan háskóla.

## 2.4 Mikilvægi fjölbreytileikans

Það er mat landvarða að þótt nám þeirra yrði aukið og gert formlegra þyrfti að tryggja að það laðaði áfram til sín fólk með breiðan bakgrunn eins og nú. Ólíkur bakgrunnur landvarða er meðal þess sem styrkir hópinn í starfi. Það er sennilega best tryggt með aðgengilegu grunnnámi og möguleikum á sérhæfingu síðar meir.



## 2.5 Þörf á sérhæfingu

Það er mat landvarða að núverandi námsfyrirkomulag sé eitt og sér of einfalt og of óformlegt. Sú skoðun hefur ítrekað komið fram að landverðir ættu að eiga þess kost að geta dýpkað þekkingu sína bæði með bóklegum og verklegum námskeiðum t.a.m. í: jarðfræði, grasafræði, sögu, samskiptum, umgengni við bíla, viðhaldi göngu-stíga, grjóthleðslu, ferðalögum á jöklum og fyrstu hjálp í óbyggðum svo dæmi séu tekin. Aukna sérhæfingu mætti flétta við endurmenntun landvarða en hana mætti útfæra m.a. með dagsferðum, örnámskeiðum, fræðsluerindum, árlegri upprifjun, myndböndum og skiptilandvörslu.

## 2.6 Staðbundin starfsmenntun

Ofan á réttindanámskeið landvarða ætti hver starfsstöð að bjóða upp á námskeið fyrir landverði um sérstöðu viðkomandi svæðis, helstu verkefni, náttúruvá o.s.frv. Slík þjálfun gæti verið í formi myndbanda. Sömuleiðis ættu landverðir að fá meiri tíma í einhvers konar starfsþjálfun á starfsstöðvum, sérstaklega í upphafi ráðningar.

### MENNTUN

- Tryggja þarf að grunnnáð landvarða sé aðgengilegt fjölbreyttum hópi.
- Gera þarf ráð fyrir aukinni sérhæfingu landvarða og möguleikum til endurmenntunar.
- Skoða þarf hvernig efla megi sérhæfingu landvarða.
- Gera þarf endurbætur á núverandi réttindanámskeiði landvarða.
- Endurskoða þarf fyrirkomulag við skráningu á réttindanámskeið Umhverfisstofnunar.
- Taka þarf upp stutt námskeið fyrir hverja starfsstöð landvarða.



# 3. ORÐSPOR OG ÍMYND - HVERNIG VILJUM VIÐ HAFA HANA?

## 3.1 Hvernig ímynd viljum við að landverðir hafi?

Í umræðum kom skýrt fram hvaða ímynd við viljum að landverðir hafi. Landverðir eiga að vera hlýlegir, aðgengilegir, og vinalegir. Þeir eru trúverðugir, veita traustar upplýsingar og eru leiðbeinandi. Þegar gestir sjá landvörð eiga þeir að hugsa: Frábært! Þarna er aðstoð, öryggi og upplýsingar. Landverðir búa ekki yfir lögregluvaldi og haga sér ekki á þann hátt en á þeirra

leiðbeiningum þarf að taka mark. Landverðir eiga ekki að banna og skamma heldur fræða, kveikja neista og skýra út reglurnar. *Góður landvörður er hlýr en skýr.*



## 3.2 Hvernig viljum við að orðspor landvarða sé?

Það orð á að fara af landvörðum að þeir séu skemmtilegir, áhugasamir um ævintýri annarra, eru fullir fróðleiks og hafa forvitnilegar frásagnir á takteinum. Þeir eru sanngjarnir og líta til aðstæðna fólks og bakgrunns.

### 3.3 Hvernig aukum við þekkingu á störfum landvarða?

- Til þess að auka þekkingu á störfum okkar ræðum við við gesti að fyrri bragði og veitum þeim fræðslu.
- Við erum hlýleg og aðgengileg.
- Efla þarf samstarf landvarða við ferðaþjónustuna og gera þá meira áberandi t.a.m. með kynningum hjá ferðaþjónustunni, á flugvöllum eða í flugvélum og með sýnileika í fjölmiðlum.



### 3.4 Hver er ímynd landvarða?

Um ímynd landvarða hefur verið skrifað á vettvangi Landvarðafélagsins áratugum saman en segja má að þar sé nokkuð fálmað í myrkri enda hefur hún ekki verið könnuð skipulega. Líklegt má telja að almenningur hafi upp til hópa litla þekkingu eða skoðun á störfum landvarða. Þeir gestir sem landverðir hitta eru flestir mjög þakklátir fyrir þá fræðslu sem þeir fá. Þó er ljóst að ákveðinn hópur sem stundar útivist og ferðamennsku hefur lágt álit á störfum þeirra og væri vert að breyta því.

#### ÍMYND

- Kortleggja þarf hver ímynd landvarða er í raun á meðal almennings.
- Auka þarf þekkingu almennings á störfum landvarða m.a. með auknum sýnileika í fjölmiðlum.
- Auka samstarf landvarða við ferðaþjónustu og útivistarsamtaka til að efla ímynd þeirra og græða gömul sár.
- Landverðir eiga að vera hlýlegir, aðgengilegir og traustir.



## 4. HVAÐ GERIR VINNUSTAÐ GÓÐAN FYRIR LANDVERÐI?

### 4.1 Góð samskipti eru lykillinn

Góð samskipti eru grunnurinn að góðum vinnustað. Með góðum samskiptum er almennt átt við gagnkvæma virðingu í öllum þeim samskiptum sem eiga sér stað innan vinnustaðarins, hvort sem er á milli landvarða, milli landvarða og gesta, eða á milli landvarða og yfirmanna. Þá þarf að tryggja góð samskipti á milli einstakra starfssvæða, enda eru landverðir oft á tíðum að fræða gesti um önnur svæði en þau sem þeir starfa á. Þá er mikilvægt að tryggja gott flæði upplýsinga milli svæða.

Í því samhengi má nefna að sums staðar er hafður sá háttur á að haldnir eru stuttir stöðufundir einu sinni á dag þar sem landverðir geta skipst á upplýsingum á milli starfssvæða. Að auki ætti að leggja áherslu á daglega upplýsingafundi innan svæða þar sem farið er yfir stöðu mála á starfssvæðinu en slíkt stuðlar að betra skipulagi þar sem öll eru meðvitaðri um stöðu verkefna og fá betri yfirsýn.

### 4.2 Starfsandi

Í umræðum kom fram að ef mórallinn á vinnustaðnum væri ekki í lagi þá væri í raun ekkert í lagi. Almennt var fólk sammála um að það væri á ábyrgð yfirmanna að stuðla að góðum vinnumóral og setja gott fordæmi um virðingu á vinnustaðnum í samstarfi við annað starfsfólk.




## 4.3 Mörk milli vinnu og heimilis

Mikilvægt er að draga skýr mörk á milli vinnustaðarins og heimilis þeirra landvarða er þurfa að nýta sér húsnæðisúrræði stofnanna. Í þeim tilfellum sem landverðir starfa á sama stað eða nálægt vinnustað er mikilvægt að skýr mörk séu á milli þess hvenær landvörður er í vinnunni og hvenær ekki og jafnframt að heimili landvarða séu aðskilin starfsemi svæðanna.



## 4.4. Svigrúm og skýrir verkferlar

Mikilvægt er að hafa jafnvægi á milli þess að landverðir hafi frelsi til að vinna sjálfstætt og að til séu fyrirfram ákveðnir verkferlar sem landverðir geta stutt sig við undir ákveðnum kringumstæðum. Þannig er til dæmis mikilvægt að til staðar séu skýrir verkferlar um hvernig höndla skuli krefjandi verkefni líkt og utanvegaakstur til að landverðir geti sinnt slíkum verkefnum af öryggi og staðfestu. Þá þarf að tryggja að landverðir geti kynnt sér verndaráætlanir sinnar starfsstöðvar og annað sem tengist starfsstöðinni á vinnutíma og fái tækifæri til að ræða það við sína yfirmenn.





## 4.5 Öryggi

Tryggja þarf líkamlegt öryggi landvarða þar sem þeir starfa. Í fyrsta lagi er mikilvægt að landverðir geti gengið að góðum búnaði vísum, hvort sem er klæðnaði, bakpokum, verkfærum, farartækjum eða öðru sem landverðir nota sínu í daglega starfi. Þá er mikilvægt að tryggja að allir landverðir hafi aðgang að Tetra talstöð en víða á starfssvæðum landvarða er ekki símasamband og geta góð fjarskipti skipt sköpum og jafnvel skilið á milli lífs og dauða. Þar sem ekki er Tetra samband ætti að skoða notkun Garmin Inreach sem nær sambandi enn víðar en Tetra. Mikilvægt er þó að öllum búnaði sé viðhaldið og að landverðir fái viðeigandi þjálfun í að nota hann.



### GÓÐIR VINNUSTAÐIR

- Tryggja þarf gott upplýsingaflæði og samskipti til að viðhalda góðum vinnustað.
- Gera þarf allt til að viðhalda góðum vinnuanda og liðsheild á starfsstöðvum. Þar eiga yfirmenn að vera leiðtogar og fyrirmyndir
- Skýr mörk þurfa að vera á milli vinnustaðar og heimilis þar sem landverðir búa á starfsstöðvum sínum.
- Skýrir verkferlar þurfa að vera til staðar í erfiðum aðstæðum.
- Nauðsynlegt er að tryggja líkamlegt öryggi landvarða eftir fremsta megni.
- Landverðir þurfa aðhafa aðgang að tryggum fjarskiptum: farsíma, tetra eða Inreach.

# 5. ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI INNAN LANDVÖRSLU

Skipta má þeim ógnum og áskorunum sem félagsfólk nefndi í þrennt. Þær sem snúa að almenningi, stjórnvöldum og síðan að stofnunum sem annast landvörslu.

## 5.1 Helstu áskoranir

| Almenningur                                            | Stjórnvöld                                          | Starfsstofnanir                                       |
|--------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|-------------------------------------------------------|
| Þekkingarskortur á störfum landvarða                   | Fjárskortur                                         | Tímabundnar ráðningar landvarða og lítið starfsöryggi |
| Slæmt umtal um landverði innan ákveðinna útivistarhópa | Áhersla á nýtingu auðlinda á kostnað náttúruverndar | Ósamræmi í stjórnun milli svæða og stofnana           |
|                                                        | Mikill fjöldi gesta á sumum friðlýstum svæðum       | Slæmt launaumhverfi                                   |
|                                                        | Skortur á framtíðarsýn                              | Undirmönnun                                           |

Í grunninn má segja að stærsta áskorun landvörslu í dag snúist að möguleikanum á að gera hana að framtíðarstarfi. Til þess að svo megi verða þarf að auka möguleika á starfsþróun, sérhæfingu og nýta betur sérþekkingu landvarða, bæta þarf launaumhverfi, fjölga langtímaráðningum og auka möguleika á langtímabúsetu í nágrenni við starfsstöðvar.

Þar fyrir utan þarf að auka samstarf landvarða við þau samfélög sem þeir starfa á, bæta samskipti við ákveðna hópa sem nýta hálendið til útivistar og auka vitund og sýnileika almennings á störfum landvarða.

Síðast en ekki síst þurfa stjórnvöld að veita auknu fjármagni í friðlýst svæði, tryggja langtíma mönnun á þeim, veita menntamálum landvarða meiri gaum og auka samhæfingu stjórnunar hjá þeim stofnunum sem annast friðlýst svæði.

## 5.2 Tækifæri til að efla landvörslu

| Landvarðafélagið                                                                | Stjórnvöld                            | Starfsstofnanir                                               |
|---------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------|---------------------------------------------------------------|
| Aukið samstarf við útivistarsamtök                                              | Bætt fjármögnun                       | Fleiri fastráðningar og lengri starfstímabil                  |
| Vinna í samstarfi við stofnanir og ráðuneyti að bættri ímynd hjá ákveðnum hópum | Fjölgun landvarða                     | Aukinn sveigjanleiki í starfssvæðum og staðsetningu landvarða |
| Auka sýnileika landvarða sem víðast                                             | Stofnun Náttúruverndarstofnunar       | Betri nýting á sérþekkingu starfsfólks                        |
| Aukin fræðsla um náttúruna til almennings                                       | Skýr stefnumótun um menntun landvarða | Fjölbreyttari verkefni í störfum landvarða                    |
|                                                                                 | Langtímastefnumótun um friðlýst svæði | Auknir möguleikar á starfsþróun                               |
|                                                                                 |                                       | Sérhæfing landvarða                                           |

# LOKAORÐ

Náttúran er takmörkuð auðlind og til þess að tryggja að við og komandi kynslóðir fáum hennar notið þarf að hlúa að henni. Segja má að landvörðum sé meðal annars ætlað þetta hlutverk, að gæta að náttúrunni fyrir okkur og komandi kynslóðir. Til þess að þeir geti uppfyllt hlutverk sín verða þeir að hafa skýr hlutverk í sínu starfi, fá viðeigandi menntun, jákvæða ímynd hjá bæði almenningi og stjórnvöldum og loks starfa á góðum vinnustöðum. Þessi skýrsla er innlegg í hvernig við landverðir, fagfélag þeirra, stofnanir og stjórnvöld getum eftt landvörslu til framtíðar með áherslu á þessi atriði.





